



Hundafimireglur Íþróttadeildar

Hundaræktarfélags Íslands

Efnisyfirlit

Kynning	3
Flokkar	3
Brautir	
Almennt.....	3
Hönnun brautarinnar.....	3
Framkvæmd móts.....	4
Ákvörðun viðmiðunartíma brautar (VTB).....	4
Ákvörðun hámarkstíma brautar (HTB).....	4
Rennsli keppinnar.....	4
Tæki	4
Dómur	7
Almennt.....	7
Tímavillur.....	7
Aðrar villur.....	7
Óvæntir atburðir.....	10
Gæðadómar	10
Úrslit	11
Skipulagning móts	11
Þátttökuréttur í keppnum	12
Skráning	13
Flokkar	13
Titlar	15
Hundafimihundur ársins	15
Tæki - hönnun og myndir	16

Kynning

Hundafimi er íþrótt fyrir alla hunda. Hundafimi krefst fullkomins sambands og skilnings milli hunds og manns. Þess vegna er nauðsynlegt að vera með góða undirstöðu í hlýðni og almennri þjálfun áður en hægt er að byrja að þjálfva hundafimi.

Flokkar

Í hundafimi er keppt í þremur stærðarflokkum

L (litlir)	Fyrir hunda sem eru minni en 35 cm á herðakamb
M (meðal)	Fyrir hunda sem eru 35 cm eða hærrí en ekki hærrí en 43 cm á herðakamb
S (stórir)	Fyrir hunda sem eru 43 cm eða hærrí á herðakamb

Brautir

Brautin er gerð úr fjölda hindrana og ræður staðsetning þeirra erfiðleikastiginu og hraðanum. Hundurinn þarf að klára brautina innan fyrirfram ákveðins tíma og fara í gegnum hindranirnar í réttri röð.

Almennt

- Svæðið sem notað er þarf að vera að minnsta kosti 30 x 40 m. Innan þessa svæðis þarf hringurinn sem brautin verður byggð á að vera að minnsta kosti 20 x 40 m. Á innanhúsmótum getur þetta verið breytilegt. Notist tvær eða fleiri brautir verður að vera lokuð girðing eða gott bil á milli brautanna. (minnst 10 m.). Undirlagið í hringnum skal vera jafnt, stamt og má ekki vera hundi eða manni hættulegt.
- Brautarlengd; 100m – 200m, og þarf hundurinn að fara í gegnum að minnsta kosti 15 en ekki meira en 20 hindranir. Það fer þó eftir erfiðleikastiginu. Allavega 7 af þessum hindrunum þurfa að vera hopphindranir (hopp, veggur eða dekk). Staðal keppnissett þarf að innihalda a.m.k. 10 hopphindranir.
- Langstökk hafa hámarkslengd: L - 30 cm, M - 40 cm, S - 55 cm
- Samsett hopp (hámark þrjú hopp sem teljast sem ein hindrun) hafa millibilið 2 m í litlum, 3 m í meðal og 4 m í stórum.
- Fjarlægðin milli tveggja hindrana er á bilinu 5-7 m.
- Þjálfarinn á að geta farið fram hjá hverri hindrun upp á báðar hliðar.
- Þegar hoppkeppni er verður dómari að hafa minnst 14 hopp til notkunar.
- Undirlag og hindranir skulu vera kynntar og samþykktar af dómara eða mótstjóra fyrir keppni.

Hönnun brautarinnar

Hönnun brautarinnar fer alfarið eftir ímyndunarafli dómars, en brautin verður að beygja að minnsta kosti tvisvar. Í upphafi keppninnar fer dómari yfir hindranirnar sem eru til afnota og þegar þær uppfylla nauðsynlegar kröfur lætur hann brautina afhendi til mótstjórnar sem síðan setur brautina upp.

Dómari skal athuga brautina og sjá til þess að fjarlægðir séu rétt mældar. Vel hönnuð braut sér til þess að hlaup hundsins sé fljótandi og áreynslulaust. Takmarkið er að ná réttu jafnvægi milli stjórnar á hundinum, að forðast villur á tækjunum og hraðanum sem brautin er hlaupin á.

Framkvæmd móts

Engum keppanda er heimilt að æfa sig á brautinni en þeim verður heimilt að ganga brautina án hunds áður en keppni hefst.

Áður en keppni hefst mun dómari fara yfir reglurnar með keppendum, gefa þeim viðmiðunartíma brautarinnar og hámarkstíma og hvernig keppnin verður dæmd.

Ákvörðun viðmiðunartíma brautar (VTB)

Hraðinn í metrum á sekúndu sem valinn er fyrir brautina ákvarðar VTB. Hraðinn sem valinn er fer eftir staðli keppinnar, erfiðleikastigi brautarinnar og undirlagi hennar. VTB (í sekúndum) er fundinn með því að deila lengd brautarinnar með hraðanum (í m/s)

Til dæmis: Braut sem er 150 m löng og með valinn hraða 2,5 m/s, þá er VTB 60 sek (150/2,50).

Ákvörðun hámarkstíma brautar (HTB)

Almennt heimilar dómari að HTB sé tvöfaldur viðmiðunartími brautar - 60 sekúnda VTB gefur 120 sekúnda HTB. HTB skal ekki vera minni en 1,5 sinnum VTB.

Rennsli keppinnar

Keppandinn kemur inn í hringinn og stillir hundinum upp (standandi, sitjandi eða liggjandi) fyrir aftan upphafslínuna. Ef hundurinn er enn í taum skal keppandinn fjarlægja tauminn og ólina af hundinum. Af öryggisástæðum skal hundur aldrei vera með neitt á sér í keppni. Í brautinni má keppandinn ekki hafa neitt í höndunum. Keppandinn má koma sér fyrir hvar sem er á brautinni, hann mun starta hundinum sínum eftir að dómari gefur merki. Tímatakan hefst um leið og hundurinn fer yfir upphafslínuna.

Allar mögulegar skipanir eru heimilar í brautinni.

Keppandinn verður að sjá til þess að hundurinn fari í gegnum tækin í réttri röð án þess að snerta hundinn eða tækin. Keppandinn má ekki fara í gegnum, yfir eða undir tækin.

Brautin er búin og tíminn stöðvaður þegar hundurinn fer yfir endalínuna.

Keppandinn setur hundinn aftur í ól og taum og yfirgefur hringinn.

Tæki

Tæki sem eru samþykkt af FCI eru

- | | | |
|----------|------------|-------------|
| - Hopp | - Vegasalt | - Poki |
| - Veggur | - A | - Dekk |
| - Borð | - Vef | - Langstökk |
| - Brú | - Göng | |

Tækin mega undir engum kringumstæðum vera hættuleg hundum og verða að uppfylla eftirfarandi mál og vera í samræmi við meðfylgjandi teikningar.

Hopp:

a) Einfalt

Hæð: S : 55 til 65 cm. - M: 35 til 45 cm. - L: 25 til 35 cm.

Lágmarks breidd: 1,20 m.

Hopp geta verið sett upp með stöngum (járn og plast er ekki ráðlegt), plönkum, o.s.frv. Efst stöngin eða plankinn verður hins vegar að vera auðveldlega hreyfanleg.

Enginn hluti skal skal vísa upp á við eða út úr vængnum þ.a. það geti skaðað hundinn.

b) Tvöfalt

Tvö einföld hopp (eins og í lið a) en bara með stöngum) sett upp saman geta myndað tvöfalt hopp. Stangirnar eru settar upp þannig að fyrri stöngin er 15-25 cm neðar en seinni stöngin.

Hæsta stöngin er sett upp aftast.

S: 55 til 65 cm. - M: 35 til 45 cm. - L: 25 til 35 cm.


Heildar dýpt má ekki vera lengri en: S: 55 cm. - M: 40. - S: 30 cm.

Enginn hluti skal skal vísa upp á við eða út úr vængnum þ.a. það geti skaðað hundinn

Veggur: Hæð: S: 55 til 65 cm. - M: 35 til 45 cm. - L: 25 til 35 cm.

Lámarks breidd: 1.20 m og u.þ.b. 20 cm þykkt.

Veggurinn ætti að hafa færanlega hluti ofan á brúninni.

Lögun hlutanna : 

Borð: 0,90 x 0,90 m lágmark - 1,20 x 1,20 m hámark.

Hæð: S: 60 cm. - M og L: 35 cm.

Borðið verður að vera stöðugt og með stamri áferð.

Brú: Hæð: 1,20 m. lágmark - 1,35 m. hámark

Plankarnir eiga að vera að minnsta kosti 3,60 m. og í mesta lagi 4,20 m. í lengd og 30 cm að breidd. Hvor rampurinn ætti að hafa þverslár með reglulegu millibili til að gera rampinn minna sleipan og gera klifið auðveldara, en ekki innan 10 cm frá upphafi hans við jörðina á snertisvæðinu. Þessar rár verða að vera 20 mm. víðar og 5 til 10 mm þykkar og meiga ekki hafa skarpar brúnir.

Neðstu 90 cm af botninum af hvorum rampi skulu vera í öðrum lit (og hliðarnar líka) til að merkja það sem snertisvæði.

Vegasalt: Lengd plankans skal vera minnst 3,65 m og mest 4,25 m að lengd og 30 cm að breidd.

Hæð miðhlutans skal vera 1/6 af lengd plankans.

Dæmi: $L = 3.65 \text{ m.}$, $H = 60 \text{ cm}$ ef $L = 4,25 \text{ m}$ þá $H = 70 \text{ cm}$

Snertisvæði eru eins og á brúnni.

Tækið verður að vera stöðugt og plankinn stamur. Hinsvegar er ekki heimilt að hafa þverslár líkt og á brúnni. Vegasaltið verður að vera almennilega jafnvægisstillt (má ekki falla of hratt né of hægt) og smáir hundar verða að geta látið það falla án vandræða.

Athugið: Vegasaltið skal falla á milli 2 til 3 sekúndna þegar 1 kíló er sett hálfu vegu milli miðpunkts og endapunkts saltsins. Ef þetta stenst ekki þarf að laga það.

A: Tveir rampar A - laga.

Breidd: minnst 90 cm en getur orðið allt að 1.15 m á botninum.

Toppurinn verður að vera 1,70 m (með 101,5° horni) frá jörðu fyrir alla hunda. Lengd rampsins skal vera á milli 2,65 og 2,75 m. Hvor rampur skal hafa þverrár með reglulegu millibili (með u.þ.b. 25 cm) til að gefa grip og gera klifið auðveldara, en ekki innan 10 cm frá upphafi snertiflata. Þessar rár skulu vera 20 mm breiðar og 5 til 10 mm þykkar og skulu ekki hafa skarpar brúnir. Neðsti 1,06 m af botninum af hvorum rampi skulu hafa annan lit (á hliðunum einnig) til að merkja snertiflötinn. Toppurinn á A-inu má ekki vera á nokkurn hátt hættulegur hundinum og verður að vera hulin ef þörf er á.

Vef: Fjöldi stanga: 8, 10 eða 12
Stangirnar eru stífar og eru 3 til 5 cm að þvermáli. Hæð stanganna skal vera 1 til 1,20 m á hæð og eru 60 cm millibil á milli þeirra.

Göng: Þvermál: 60 cm - Lengd: 3 til 6 m.
Sveigjanleg þannig að hægt sé að mynda eina eða fleiri beygju.

Poki Verður að hafa stífan inngang sem er 90 cm djúpur. Inngangurinn skal vera 60 cm á hæð og 60 til 65 cm breiður. Útgangurinn er gerður úr sveigjanlegu efni og er 2,50 til 3,50 m að lengd og er 60 til 65 cm í þvermál. Ef mögulegt er skal útgangurinn vera festur niður - festingarnar skulu ekki vera með meira en 50 cm millibili til að heimila hundum af öllum stærðum að komast í gegn auðveldlega.

Dekk: Innramál dekkisins 45 cm til 60 cm.
Miðja innramálsins skal vera í: S: 80 cm hæð - M og L: 55 cm
Hæð dekkisins verður að vera stillanleg (með keðju eða reipi), fastar eða stífar festingar eru ekki leyfilegar.
Neðri hluti dekkisins verður að vera fylltur af öryggisástæðum.
Botn tækisins skal vera u.þ.b. 1,5 x hæð mæld frá gólfi að efsta punkti utanmáls dekkisins í S - flokki. Létt efni eru ekki heimil, tækið verður að vera stöðugt.

Langstökk: Tvær til fimm einingar eru í langstökki. Heildarlengdin er
L : 40 til 50 cm (2 einingar)
M : 70 til 90 cm (3 til 4 einingar)
S : 1,20 til 1,50 m (4 til 5 einingar)
Breidd stökksins: 1,20 m.
Einingunum er raðað eftir stækkandi röð, hæð fyrstu einingarinnar: 15 cm. Hæð hæstu einingarinnar: 28 cm. Dýpt hvernar einingar: 15 cm. Hornstangir eru að minnsta kosti 1,20 cm háar og skulu vera á öllum fjórum hornum (ekki fest við neinar einingar). Toppurinn á stöngunum skal ekki vera skaðlegur hundi né keppanda.

Upphafs - endalína

Upphafs og endalína skulu vera staðsett innan 1 m frá fyrsta og síðasta tækisins. Fjarlægðin milli merkistangana skal vera breiddin á fyrsta tækinu plús 50 cm í hvora átt.

Ef hundur hleypur fram hjá fyrsta tækinu skal það teljast sem neitun og tímataka hafin þar sem hundurinn hafi farið yfir upphafslínuna. Það skal vera nægt rými (a.m.k. 6 m) fyrir hundinn við upphafs og endalínuna.

Dómur.

Almennt

Tilgangurinn er að fara með hundinn í gegnum alla brautina og þær hindranir sem þar eru í réttri röð og innan setts VTB.

VTB er einungis ætlað til undirstöðu og aldrei má hafa hraða sem aðalkeppikeflið.

Í þeim tilfellum þar sem heildar fjöldi villna er sá sami munu úrslit ráðast af því hvor hundur er með færri villur á braut. Einungis í þeim tilfellum þar sem jafnmargar villur eru líka á braut mun tíminn hafa úrslitaáhrif. Ef tveir hundar eru með sama tíma og jafnmargar villur í braut má láta þá hlaupa aftur eða þá setja þá í sama sæti.

Villufjöldi er summan af brautarvillum og tímavillum.

Tímavillur:

Það eru gefin villustig fyrir hverja sekúndu (með tveimur brotum) sem hlaupið er umfram VTB.

Aðrar villur:

Ef stjórnandi fer á milli byrjunarstikanna verða dæmdar á hann 5 villur og tíminn hefst samstundis.

Ef stjórnandi fer á milli mark-stikanna verða dæmdar á hann 5 villur.

Snertingarvillur:

Stjórnandi snertir hund eða er snertur af hundi með ávinningi. (5 villur í hvert skipti)

Stjórnandi snertir tæki viljandi. (5 villur í hvert skipti)

Fellivillur:

Hundur eða stjórnandi fellir tæki eða hluta af tæki.

Það dæmist villa í hvert skipti sem einhver hluti af hindrun, sama hver hún er, er felld þar til hundurinn fer í gegnum næstu hindrun.

Gildir þó ekki ef hundur veltir stöng í vefi eða hreyfir við merkistiku í langstökki.

Samsett hopp:

Hvert hopp er í samsetningunni dæmist sem stakt hopp. Ef hundur fær neitun í einu hoppana getur hann farið í gegnum hinn part samsettu hoppana án þess að vera dæmdur úr leik, en öll samsetningin verður að vera tekin í réttri röð áður en farið er í næsta tæki. Hundur er dæmdur úr leik ef hann fer öfugt í hoppið. Hoppin skulu bara vera sett upp í beinni línu og er einungis einu sinni hægt að fara í gegnum samsett hopp í hverri braut.

Snertivillur:

Ef hundurinn snertir ekki snertiflöt með fæti.

Langstökk:

Ef hundurinn gengur yfir, hoppar yfir frá hliðum eða fer ekki yfir allar einingarnar fær neitun (5 villur).

Að fella eina af einingunum eða að lenda með einn fót eða fleiri milli eininganna gefur neitun. Smá snertingu er ekki refsað fyrir.

Keppanda og hundi skal ekki vera refsað fyrir að snerta eða fella eina af merkistöngum langstökkisins jafnvel þótt það valdi því að hún falli niður.

Brú:

Hundur sem stekkur af tækinu áður en allir fjórir fætur snerta niðurrampinn fær neitun (5 villur).

A:

Hundur sem stekkur af tækinu áður en allir fjórir fætur snerta niðurrampinn fær neitun (5 villur)

Borðið:


Hundurinn verður að vera á borðinu í 5 sekúndur samfelld:

Stellingin skiptir ekki máli og má hundurinn skipta um stellingu undir tímatalningu.

Hundurinn á bara að vera á borðinu í 5 sek.

Ef hundurinn rennur, hoppar eða dettur niður af borðinu áður en að talningu er lokið eru gefnar 5 villur og hundurinn verður að fara á borðið aftur (frá hvaða hlið sem er) og hefst svo talning upp á nýtt.

Hundurinn getur farið upp á borðið frá þremur hliðum: A, B og C. Ef hundurinn fer framhjá borðinu og hoppar upp á það frá hlið D, er það dæmt sem neitun (5 villur) en verður ekki dæmdur úr leik fyrir að fara öfugt í tæki.



Það telst villa ef hundurinn rennur af borðinu (5 villur) og hann þarf að fara aftur upp á borðið (frá hvaða hlið sem er) og er talningin endurhafin. Hundur sem hleypur undir borðið fær neitun (5 villur)

Keppandi sem startar rafrænni klukku á borðinu (sé hún til staðar) verður dæmdur úr keppni.

Vefið:

Fyrsta stöngin verður að vera á vinstri hönd hundsins, önnur á hægri hönd o.s.frv. Ef hundurinn tekur vefið öfugt meira en tvo póla þá telst það öfug braut og þá dæmdur úr leik.

Einungis er dæmd einu sinni villa í hverju vefhlaupi en allar villur skulu leiðréttast og byrjað upp á nýtt í vefi.

Salt:

Ef hundurinn fer af saltinu áður en að það snertir jörðina er dæmd villa. Ef hundur stekkur af tækinu áður en komið er yfir veltipunkt fær neitun (5 villur)

Neitanir:

Hver neitun gefur 5 villur. Ef gefin er neitun verður að taka hindrun aftur. Ef hindrunin er ekki farin aftur er hundurinn dæmdur úr leik.

Við eftirfarandi fást neitanir:

Hundurinn stoppar fyrir framan hindrun.
Hundurinn stoppar á braut.
Hundurinn er hreinlega stoppaður fyrir framan hindrun af stjórnanda.
Hundurinn hleypur framhjá eða undir hindrun.
Hundurinn hleypur inni göng og út sömu leið aftur.
Hundurinn hoppar yfir rangan hluta af hindruninni.
Hundurinn gengur yfir eða stekkur skakkt í gegnum langstökk.
Hundurinn stekkur milli dekks og ramma (dekkið dettur ekki)
Hundurinn fer vitlaust inni vefið.
Hundurinn fer af A-inu, brúnni eða saltinu áður en að hann hefur snert niðurhallann með öllum fjórum fótum.

Dæmdur úr leik:

Nammi er bannað á brautinni.
Hundur má ekki vera með neins konar band um á hálsinn.
Ef stjórnandi heldur á einhverju eða hengir það yfir öxlina á sér. Nema það sé nauðsynlegt. (boðhlaupskefli)
Ef stjórnandi missir á leiðinni dót eða nammi úr vasa.
Ef neitun er ekki leiðrétt.
Ef hundur fær 3 neitanir.
Ef hundur er stoppaður á brautinni.
Ef hundur fer öfugt í hindrun.
Ef hundur fer ranga leið í hindranir.
Ef hundurinn er stjórnlaus.
Ef hundur pissar eða losar hægðir í brautinni.
Ef hámarkstími líður.
Ef stjórnandi stekkur yfir eða krýpur undir hindrun.
Ef stjórnandi sýnir óíþróttamannslega hegðun.
Ef stjórnandi er of harður við hundinn (getur gilt allan daginn)
Ef hundur fer af stað áður en leyfi er gefið fyrir því.
Ef hundur eða stjórnandi velta hindrun áður en að hundurinn hefur farið í hana.
Ef stjórnandi hleypur yfir marklínu á undan hundi og stoppar þar með tímatöku (sjálfvirk tímataka)
Ef öfugt er farið í vefið (fleiri en tvær stangir)
Ef hundur/stjórnandi veltir/eyðileggur dekkið áður en hundurinn hefur stokkið í gegn verður hundurinn útilokaður.

Eftirfarandi gildir einnig:

Hundur getur verið dæmdur úr leik ef:

Hann er að mati dómara í slæmu líkamlegu ásigkomulagi.

Hann er líkamlega eða andlega fatlaður.
Hann sýnir árasargirni við dómara, aðstoðarmenn, brautarstarfsfólk, aðra hunda, eða aðra stjórnendur í eða við brautina.
Hann sýnir greinilega taugaveiklun.
Útfærslan af hlaupinu muni að mati dómara skaða hundinn.

Stjórnandi getur við dæmdur úr leik ef:

Hann fer ekki eftir leiðbeiningum dómara og brautarstarfsfólks eða hlýðir ekki reglum brautar.
Hann sýnir óþarflega hörku gagnvart hundinum að mati dómara.
Hann truflar annan stjórnanda eða hund hans þegar sá hinn sami er í braut.
Hann sýnir að mati dómara ótilhlýðilega hegðun í braut.
Hann refsar hundi sínum í eða við braut (rykkja í hálsól er ekki refsing en að sparka, slá eða hverskonar líkamleg eða andleg refsing er ekki leyfð)
Ókvæðisorð eru bönnuð á brautinni, bæði gagnvart dómara og hundi. (Dæmist Sem óíþróttamannsleg hegðun)

Dómarinn getur dæmt verðlaun af hundinum ef hundurinn sýnir árasargirni eða aðra óæskilega hegðun

Dómari skal láta það sama ganga yfir allan flokkinn.

ÁKVÖRÐUN DÓMARA VERÐUR EKKI ÁFRÝJAD.

Óvæntir atburðir

Þegar atburðir gerast sem eru utan stjórnar keppandans - staurar detta, efnid í pokanum flækt - getur dómarinn stöðvað keppandann og þegar tækið hefur verið lagað mun dómarinn láta hundinn byrja á byrjunarreit.
Allar villur sem voru komnar þegar hundurinn var stöðvaður munu enn gilda. Upp að þeim stað munu engar aðrar villur vera gefnar, hinsvegar þarf keppandinn samt að fara í gegnum brautina eftir bestu getu þ.e. verður að reyna að ná góðum árangri.
Fleiri villur verða bara dæmdar eftir að hundurinn er komin á staðinn þar sem hann var upphaflega stöðvaður.

Gæðadómar

Gæði hlaups hundsins er dæmt eftirfarandi:

1. verðlaun	00,00 – 05,99 villur	Ágætt
2. verðlaun	06,00 – 15,99 villur	Mjög gott
3. verðlaun	16,00 – 25,99 villur	Gott
Fleiri en 26 villur		Engin verðlaun

Úrslit

Við útreikninga á sætaröðun verður að taka eftirfarandi til greina:

Samtals villur = brautarvillur + tímavillur

Í þeim tilfellum þar sem jafnmargar villur eru, vinnur sá hundur sem er með færstar villur á braut.

Dæmi: VTB: 60 sekúndur;

Rás nr.	Brautarvillur	Tími	Tímavillur	Villur í allt	Sæti
7.	5,00	58,71	0,00	5,00	3.
12.	0,00	65,00	5,00	5,00	1.
18.	5,00	57,25	0,00	5,00	2.
4.	0,00	68,32	8,32	8,32	4.
15.	10,00	59,17	0,00	10,00	6.
2.	5,00	65,00	5,00	10,00	5.

Skipulagning móts

Við skipulagningu móts þarf að vera til staðar:

- 1) Hringur sem er a.m.k. 20 x 40 m.
Yfirborðið má ekki vera hættulegt hundum eða keppendum (engar holur, glerbrot, naglar o.s.frv)
- 2) Skipa dómara sem er samþykktur af HRFÍ og FCI til að dæma
- 3) Útvega hringverði og starfsmenn til að fylla eftirfarandi stöður

Ritara til að skrifa niður villur og neitanir sem dómariinn gefur, svo dómariinn þurfi ekki að taka augun af hundinum

Tvo tímaverði sem sjá um að taka tímann á hundunum (1 opinber - 1 vara)

Tækjamenn sem sjá um að laga tækin og rétta úr pokanum eftir hvert hlaup

Ritara til að sjá um stigatöfluna, að fylla inn í árangursbækurnar og að raða niður í úrslitasætin.

Hóp fólks til að setja upp og breyta brautinni eftir leiðbeiningum dómans.

Ef skipuleggjandi af móti óskar þess að mótið sé viðurkennt mót verður keppnin að vera sett upp eftir reglum HRFÍ um hundafimi og tilkynnt til HRFÍ á tilskyldu eyðublaði.

Tilkynningin verður að innihalda nafn, heimilisfang og síma hjá tengiliði ásamt nafni og síma hjá skipuleggjanda mótsins, stað- og dagsetningu og hvenær frestur rennur út fyrir skráningu á mótið.

Tilkynninguna skal senda til HRFÍ minnst 4 mán.fyrir dagsetningu keppinnar. Hana verður að samþykkja og skila til mótshaldara áður en hægt er að halda keppnina. Með samþykktinni tryggir mótshaldari sig gegn því að önnur hundafimi keppni verði haldin sama dag innan 50km. rás frá mótsstað.

Á sömu helgum og HRFÍ heldur alþjóðlegar keppnir er ekki hægt að halda aðrar keppnir.

Mótshaldari skal í síðasta lagi skila til HRFÍ hverjir koma til með að dæma keppnina mánuði fyrir lokadag skráningar.

Mótshaldari fær pakka með pappírurum sem eru nauðsynlegir fyrir keppnishald (dómaraseðlar, vinnureglum, úrslitalistum, verðlaunalistar, FCI hundafimi-skírteini, reglur fyrir hundafimi ásamt stefnu hundafiminnar) svo framarlega sem óskað er eftir því.

Árangri þeirra hunda sem ná á keppnisdaginn viðmiðunartíma síns flokks bæði í hundafimi og hoppi, ásamt stigum, eða eru innan viðmiðunartíma í opnum flokki hundafimi færast á verðlaunalista og skal komið til HRFÍ ásamt skráningarlista í síðasta lagi 14 dögum eftir mótisdag.

Úrslitaskráin skal vera undirrituð af dómurinum.

Auglýsingkostnaður og boðun frá úrslitum skulu greiðast af HRFÍ og koma af keppnisgjöldum.

Á opinberum mótum verða að vera notaðir keppnisstjórnendur og dómarafrá HRFÍ. Dómarafrá og keppnisstjórnandi eru ábyrgir fyrir keppninni. Dómarafrá hafa aðalábyrgð.

Þáttökuréttur í keppnum

Hundar geta fyrst keppt í hundafimi þegar þeir eru fullra 18 mánaða samkvæmt reglum HRFÍ. Keppandinn verður einnig að vera félagsmaður í HRFÍ til að vera gjaldgengur í keppnir á vegum Íþróttadeildarinnar.

Hundurinn verður að hafa með sér Hundafimi-árangursbók gefna út af HRFÍ eða öðru FCI viðurkenndu félagi, eða með ættbókarnúmer og fyrir þá hunda sem eru ekki í ættbók hjá HRFÍ eða öðru viðurkenndu félagi viðurkenndu af FCI þá með hundafiminúmer.

Árangursbókina er hægt að kaupa á skrifstofu HRFÍ og þar má einnig nálgast reglurnar sem gilda um keppnir í hundafimi.

Árangursbókina verður að afhenda á mótisdag við innritun og verður afhent til baka við lok móts. Hundar sem hafa ekki viðurkennda árangursbók með sér fá ekki þáttökurétt.

Í árangursbókina sem hefur síður bæði fyrir opinbera sem og óopinbera flokka verður að skrifa úrslit þeirra hunda sem standast kröfur bæði í hundafimi og hoppi og skal útfyllast og undirritast af dómarafrá keppninnar.

Ráslisti ákveðst af útdrætti sem mótshaldari stendur fyrir.

Hvolpafullar tíkur sem og tíkur með hvolpa undir 8 vikna aldri mega ekki taka þátt í opinberum mótum.

Lóða tíkur

Það verður að tilkynna með góðum fyrirvara ef maður er með lóða tík á mótstíma, alveg í síðasta lagi við komu á mótstað. Þá ræsir hún síðust í sínum flokki. Það verður að vera sér staður til að geyma lóða tíkur á og einnig sér staður til að viðra þær. Ef ekki er farið að þessum reglum er hægt að vísa tíkinni frá móti. Það verður að vera stöm motta undir lóða tíkum sem er c.a. 1.20 m. breið og minnst 1 m. löng.

Mótshaldari verður að muna að láta keppendur vita af breyttum rástíma ef lóða tík er með þar sem hún er alltaf ræst síðust óháð ráslista.

Trygging-ábyrgð

Hundar sem eru á mótssvæði skulu vera tryggðir eða falla undir tryggingu eigenda síns. Hundaeigandinn er ábyrgur fyrir hverju því tjóni eða skaða sem hundurinn kann

að valda. Einnig er eigandanum skylt að tilkynna mögulegan skaða sem hundurinn hefur valdið til síns tryggingafélags.

Bólusetning og heilbrigðiskröfur;

Hvolpar undir þriggja mánaða aldri mega ekki koma á mótstað. Hundar sem ætla að taka þátt verða að vera við góða heilsu bæði líkamlega og sálræna og ekki sýna merki um veikindi. Hundur má þannig einungis keppa svo framarlega sem ekki sé hætt á að hann smiti aðra hunda. Ef einhver efi kann að vera skal leggja fram vottorð frá dýralækni. Hundar verða að vera bólusettir eigi síðar en 14 dögum fyrir mót.

Lyfjagjöf;

Það er bannað að gefa hundinum lyf sem hafa áhrif á skap hans á hvaða hátt sem er eða sem hafa áhrif á líkamsgetu t,d, kvalastillandi lyf.

Skráning

Einungis hundar sem hafa verið skráðir geta tekið þátt.

Skráningin verður að vera á þar til gerð eyðublöð sem mótshaldari leggur til fyrir hverja keppni.

Skráningargjald skal vera það sama fyrir allt landið og fylgja eftir gjaldskrá HRFÍ

Flokkar

Tvær tegundir af keppnum geta verið haldnar.

Opinberar hundafimi keppnir sem eru samþykktar af HRFÍ

Óopinberara hundafimi keppnir sem ekki krefjast samþykkis.

Í öllum opinberum flokkum skiptast hundarnir í 3 mismundi stærðarflokka, sem ekki geta keppt á móti hvor öðrum.

Litlir; Hundar upp að 34,99cm á herðakamb

Meðalstórir; Hundar milli 35,00 og 42,99cm á herðakamb.

Stórir; Hundar sem eru 43cm og hærri á herðakamb.

FCI reglur eru; Litlir (stökkhæð 25 - 35 cm)

Meðalstórir (stökkhæð 35 - 45 cm)

Stórir (stökkhæð 55 - 65 cm)

Hundafimiflokkurinn (HF) saman stendur af tækjum með snertiflötum og geta innihaldið tækið borð.

Hoppflokkur (HO) inniheldur hvorki tæki með snertiflötum né tækið borð.

Úrslit í HF-flokknum hefur engin áhrif á úrslit sem náðst hefur í HO-flokknum og öfugt.

Opinberir hundafimi og hoppflokkar eru eftirtaldir;

Flokkur 1 – Flokkur 2 – Flokkur 3

Ennfremur eru;

Opin flokkur þar sem keppt er um titilinn Hundafimimeistari HRFÍ (hvers árs)

Liða flokkur þar sem keppt er um Besta lið í hundafimi (hvers árs)

Á mótisdag getur hver hundur einungis keppt einu sinni í hverjum flokki fyrir sig og hámark í sex flokkum á dag.

Fyrir utan ungliða og öldungaflokk_getur mótshaldari ákveðið að það sé ekki keppt í flokki þar sem færri en 3 hundar eru skráðir. Í þeim tilfellum verður að tilkynna það fyrir mótssdag.

Flokkur 1:

Létt braut, stökkhæð fyrir stærðirnar 3 eru, 25–30/ 35-40 / 55-60 cm.

Hámark 3 snerti tæki.

Er einungis ætlað hundum sem ekki hafa unnið rétt til keppni í hærri flokk.

Til að hækka um flokk þarf að ná þremur gildum hlaupum.

Flokkur 2:

Stökkhæðin fyrir stærðirnar 3 eru; 30-35/ 40-45/ 60-65 cm.

Er einungis fyrir þá hunda sem hafa náð þeim árangri að geta ekki keppt í flokki 1 og eru ekki búnir að ná réttinum til að keppa í flokki 3.

Til að hækka um flokk þarf að ná þremur hreinum hlaupum og vera í einu af þremur efstu sætunum.

Flokkur 3:

Stökkhæðin fyrir stærðirnar 3 eru: 35/ 45/ 65 cm.

Er einungis fyrir þá hunda sem náð hafa þeim árangri að geta ekki keppt í flokki 2.

Svo framarlega sem hlaupið er villulaust fær sá hundur sem ekki þá þegar er orðinn meistari stig til hundafimimeistara eða hoppmeistara.

Hundar sem þrisvar hafa fengið stig til meistara í flokki 3 fá meistaratitil. Öll hlaup þurfa að vera villulaus.

CACIAC:

CACIAC er veitt á alþjóðakeppni HRFÍ til hæst dæmda ættbókafærða hundsins í flokki 3, sem hefur ekki þá þegar fengið titillinn Alþjóðlegur hundafimimeistari. Hlaupið verður að vera villulaust.

Um óopinber hundafimi og hoppmót gildir eftirfarandi:

Opin flokkur, unglingsflokkur og öldungaflokkur.

Opin flokkur:

Stökkhæð fyrir hinar 3 stærðir: 30-35/ 40-45/ 60-65 cm

Öllum hundum er leyfileg þátttaka í opnum flokki fyrir utan þá sem einnig eru skráðir í unglings eða öldungaflokk. Brautin á að vera á sama erfiðleikastigi og flokkur 2 en með hámark 3 snertitæki.

Unglingsflokkur:

Er einungis fyrir unga stjórnanda sem á almanaksárinu verða hámark 17 ára.

(Geta verið með út árið sem þau verða 17 ára)

Þar sem hlaupið er á sömu braut og aðrir flokkar geta hundar sem keppa í unglingsflokki ekki tekið þátt í öðrum flokkum.

Öldungaflokkur: á að bjóðast á öllum mótum, sama hver þátttakenda fjöldi er.

Er einungis fyrir hunda sem eru fullra 7 ára.

Öldungahundar borga einungis hálfverð.

Hundar sem eru skráðir í öldungaflokk mega einungis keppa í þeim flokki á því móti. Öldungur er öldungur allt mótið.

Flokkurinn er haldinn á sömu brautum og AG2, HO2, AG opinn og HO opinn.

Fyrir litla hunda er stökkhæð hámark 25 cm og lengdarstökk hámark 40 cm.

Milliflokkur notar venjulega braut fyrir litla hunda nema stökkhæð er 35 cm og lengdarstökk hámark 50 cm. Stórir hundar nota braut fyrir meðal hunda, stökkhæð hámark 45 cm og lengdarstökk hámark 90 cm.

Dekkið er tekið úr öllum flokkum og hoppi bætt við.

Titlar

Eftirfarandi titlar geta náðst;

Íslenskur hundafimi-meistari (ISAGCH) fyrir ættbókarfærða hunda.

Íslenskur hundafimi-meistari (ISAGME) fyrir óættbókarfærða hunda.

Þessir titlar fást þegar hundurinn hefur 3 svar sinnum fengið stig til meistara í HF-flokki 3 með minnst tveimur mismunandi dómurum.

Íslenskur hopp-meistari (ISJUCH) fyrir ættbókarfærða hunda.

Íslenskur hopp-meistari (ISJUME) fyrir óættbókarfærða hunda.

Þessir titlar fást þegar hundurinn hefur 3 svar sinnum fengið stig til meistara í HOF-flokki 3 með minnst tveimur mismunandi dómurum.

Þegar einhverjir af þessum titlum hafa náðst skal það strax tilkynnast til HRFÍ með því að senda inn árangursbókina.

Íslenskir meistaratitlar eru gefnir út af HRFÍ.

Hundafimihundur ársins


Er sá hundur sem hlýtur flest samanlögð stig í opinberum keppnum hvers árs.

Titlarnir eru veittir hæsta hundi í öllum stærðarflokkum.


Stigagjöf er eftirfarandi:

1. sæti=	10 stig
2. sæti=	8 stig
3. sæti=	6 stig
4. sæti=	4 stig
5. sæti=	2 stig


Hundafimitækin fengið úr reglum FCI




Table




A-frame




Flat tunnel




See saw




Dog walk





Tube tunnel




Wall / Viaduct



Hurdles




Brushfence




Weave

8, 10 or 12 poles



Tyre

FCI Agility rules



Long jump
(2-5 units)

Samantekt á skammstöfunum í hundafimi

- VTB** Viðmiðunartími brautar. Ef hundur fer yfir þennan tíma fær hann villustig.
- HTB** Hámarkstími brautar. Ef hundur fer yfir þennan tíma er hann sjálfkrafa úr leik.
- HF** Hundafimiflokkur, í þessum flokki er keppt í öllum tækjum hundafiminnar.
- HO** Hoppflokkur, í þessum flokki eru ekki snertitæki, heldur einungis hopp, dekk, poki, göng og vef.
- CACIAC** Alþjóðlegt hundafimimeistarastig, veitt á alþjóðlegum mótum
- ISAGCH** Íslenskur hundafimimeistari, ættbókarfærðir hundar með ættbók frá HRFÍ eða öðru félagi innan FCI geta hlotið þessa nafnbót eftir að hafa hlotið 3 meistarastig í hundafimiflokki 3.
- ISAGME** Íslenskur hundafimimeistari, óættbókarfærðir hundar geta hlotið þessa nafnbót eftir að hafa hlotið 3 meistarastig í hundafimiflokki 3
- ISJUCH** Íslenskur jumpersmeistari, ættbókarfærðir hundar með ættbók frá HRFÍ eða öðru félagi innan FCI geta hlotið þessa nafnbót eftir að hafa hlotið 3 meistarastig í hoppflokki 3.
- ISJUME** Íslenskur hundafimimeistari, óættbókarfærðir hundar geta hlotið þessa nafnbót eftir að hafa hlotið 3 meistarastig í hoppflokki 3